



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. Þ 130/1840

komudagur 16. 4. 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. apríl 2004.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stofnun Landsnets hf. 737. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um stofnun Landsnets hf. mál númer 737.

Frumvarpið er lagt fram samhliða tveimur öðrum frumvörpum sem byggja öll á meirihlutaálit nefndar sem skipuð var samkvæmt bráðabirgðarákvæði VII í gildandi raforkulögum. Alþýðuþýðusambandið átti fulltrúa í umræddri nefnd og skilaði hann ásamt fulltrúa BSRB sér álit í nefndinni. (Sjá meðfylgjandi sér álit)

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélagið, Landsnet hf. sem hafi það hlutverk að annast raforkuflutning og kerfisstjórnun, samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003. Fyrirtækinu er ætlað m.a. að koma fram gagnvart eigendum flutningsvirkja við mat á verðmætum þeirra. Ríkinu er heimilt að selja allt hlutafé sitt þegar endanlegt mat á flutningsvirkjum liggur fyrir og ákvörðun liggur fyrir hjá eigendum þeirra um sölu á þeim gegn hlutafé í flutningsfyrirtækinu Landsneti.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er því gert ráð fyrir að flutningsfyrirtækið verði ekki í eigu ríkisins nema í skamman tíma og að það verði síðan í eigu núverandi eigenda flutningsvirkja, þ.e.a.s. þeirra sem kjósa að leggja þau inn í flutningsfyrirtækið gegn hlutafé. Í bráðabirgðarákvæði XII, í frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, er kveðið á um takmörkun á framsali á hlutafé í flutningsfyrirtækinu fram til 2011. Eftir þann tíma eru engar hömlur á framsali á hlutafé.


Það er skoðun Alþýðusambandsins að flutningsfyrirtækið eigi að vera í eigu opinberra aðila þ.e. ríkis og sveitarfélaga, enda er því ætlað að vera hluti af almennri grunnþjónusta. Fyrirtækið verður auk þess með einokunaraðstöðu. Það er því mikilvægt að tryggja að slíkt félag verði ekki selt einkaaðilum.

Þessu til stuðnings er bent á að bæði í Noregi og Svíþjóð er flutningsfyrirtækið í ríkiseign. Í Noregi, þar sem mest reynsla er komin á markaðsvæðingu raforkumarkaðarins, þá er flutningsfyrirtækið, Statnett, alfarið í eigu ríkisins. Á Statnett 85% af öllu meginflutningsnetinu í landinu en aðrir aðilar eiga 15% þess. Statnett leigir síðan þessi 15% af flutningsnetinu sem það á ekki. Þessu er eins fyrirkomið í Svíþjóð, en þar er flutningskerfið í eigu ríkisins og rekið að Svenska Kraftnät.

ASÍ leggur til að farin verði svipuð leið og í Noregi og Svíþjóð og að flutningsfyrirtækið, Landsnet verði í opinberri eigu þ.e. í eigu ríkis og sveitarfélaga og að meginhluti flutningsnetsins, sem nú er í opinberri eign, verði í eign Landsnets. Aðra hluta flutningsnetsins geti fyrirtækið leigt eða keypt eftir því hvort reynist hagstæðara.

Alþýðusambandið getur því að óbreyttu ekki stutt frumvarpið.

F.h. Alþýðusambands Íslands


Ingunn S. Þorsteinsdóttir
Hagdeild ASÍ

Meðfylgjandi sér álit fulltrúa ASÍ og BSRB í 19-mannanefnd.

19. febrúar 2004

Sérálit fulltrúa ASÍ og BSRB

Við undirrituð fulltrúar ASÍ og BSRB leggjum hér með fram sérálit vegna niðurstöðu svokallaðrar 19 manna nefndar um raforkuflutning og dreifingu.

Í upphafi skal tekið fram að full ástæða er til þess að gagnrýna stjórnvöld fyrir að hafa ekki tryggt Íslendingum undanþágu frá tilskipun 96/92 EB. Fullljóst er, að landfræðileg lega Íslands útilokar bæði heimili og fyrirtæki frá því að geta tekið þátt í raunverulegum innri markaði með raforku. Með raforkulögunum sem sett voru á síðasta ári og þessu frumvarpi er engu að síður verið að umbreyta öllu raforkukerfi landsmanna til þess eins að uppfylla þessa tilskipun, án þess að möguleiki sé á að gera sér nægjanlega grein fyrir tæknilegum og efnahagslegum afleiðingum þess. Þannig hefur ekki verið hægt að svara einföldum spurningum eins og hvaða áhrif þessar breytingar hafa, bæði vegna uppskiptingar kerfisins, aukinnar jöfnunar á flutningskostnaði, breyttrar áhættudreifingar og aukinna arðsemiskrafna á raforkuverð til heimila og fyrirtækja. Upplýsingar um einstaka rekstrarþætti liggja ekki fyrir né heldur hvert matsverð núverandi fjárfestinga í raforkukerfinu er. Því er að sumu leyti verið að óska eftir óútfylltri ávísun hvað raforkuverð varðar í framtíðinni. Forsendur fyrir því að nefndin hafi getað lokið störfum með viðunandi hætti hafa því ekki verið fyrir hendi þar sem ofangreindar upplýsingar hefur skort. Því er afar mikilvægt að virk endurskoðunarákvæði séu í lögunum þannig að hægt verði að grípa til ráðstafana ef í ljós kemur að kerfisbreytingarnar leiði til hækkaðs raforkuverðs. Stjórnvöld verða að gera sér grein fyrir því að erfitt getur reynst að ganga frá kjarasamningum með óbeina hótun um yfirvofandi tugprósenta hækkun á raforkuverði, sem þegar vegur þungt í framfærslukostnaði landsmanna.

Afstaða ASÍ og BSRB til þessa máls byggist á þeirri grundvallarsýn að vatns- og gufuorka sem nýtist til raforkuframleiðslu sé auðlind sem allir landsmenn eigi rétt á að njóta sameiginlega og með sem jöfnustum hætti. Lög sem snerta nýtingu þessarar auðlindar verða því að taka mið af þessu grundvallarsjónarmiði. Orkan er ein af mikilvægustu forsendum líf skjara hér á landi og ljóst að framtíðaruppbygging í atvinnumálum byggist að miklu leyti á hagkvæmri orku. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að raforkukerfi landsmanna er mikilvæg samfélagsleg fjárfesting. Ef við ætlum að taka upp ávöxtunarkröfu markaðsins á allar þessar fjárfestingar, líkt og raforkulögin gera ráð fyrir og þetta frumvarp áréttar varðandi flutnings- og dreifiveiturnar, mun tvennt gerast. Búsetuskilyrði heimila og samkeppnisskilyrði fyrirtækja munu versna alls staðar á landinu með hækkun á raforkuverði. Rekstraröryggi kerfisins verður stefnt í voða, en reynsla erlendis hefur sýnt að

skammtímahagsmunir markaðarins um hagnað í árshlutauppgjöri fá sífellt meira vægi. Þetta kemur fram í minni vilja til viðhalds og endurfjárfestinga auk þess sem dregið er verulega úr mannahaldi þannig að mikilvægur mannauður hefur glatast. Áherslur ASÍ og BSRB grundvallast á að hin nýju raforkulög þjóni hagsmunum almennings, miði að því að öll heimili og fyrirtæki njóti raforkukerfisins í landinu með sem jöfnustum hætti og að með lagasetningu verði afhendingaröryggi og gæði rafmagns tryggð sem og lækkandi verð til almennings í landinu.

Ofangreind heildarsamtök launafólks munu því ekki styðja framkomið frumvarp nema að eftirfarandi atriði verði að finna í frumvarpinu.

1. Við höfnum því að sett verði markaðsleg arðsemiskrafa á samfélagslegar fjárfestingar eins og flutningsfyrirtækið og dreifiveitur eru. Það mun valda hækkun á raforkuverði alls staðar á landinu og jafnframt leiða til röskunar á skilyrðum til búsetu og atvinnusköpunar. Miða skal við að gjaldskrár ásamt öðrum tekjum standi undir rekstri kerfisins, þ.m.t. fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun og má hér vísa til nýframkomins frumvarps um vatnsveitur sveitarfélaga. Arðsemiskrafa fyrirtækja í raforkuiðnaði verður að vera hófleg og taka mið af því að hér er um samfélagslegar fjárfestingar að ræða. Við teljum að eðlileg arðsemiskrafa liggja á bilinu 2-3% (arðsemi af eigin fé). Hlutfall hagnaðar fyrir vaxtagreiðslur og skatta af bókfærðu virði fastafjármuna (sem í frumvarpinu og raforkulögunum er kallað arðsemiskrafa) taki mið af þessari arðsemiskröfu.
2. Flutningsfyrirtækið verði í eigu opinberra aðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, enda er því ætlað að vera hluti af almennri grunngerð og þjóna almenningi og fyrirtækjum sem þjónustuaðili og er auk þess með einokunaraðstöðu. Því er mikilvægt að tryggja að slíkt félag verði ekki selt einkaaðilum í framtíðinni, né að rekstur þess og arðsemiskröfur verði sett undir markaðlegar forsendur um skammtímahagnað. Tryggja verður að bæði neytendur og orkuframleiðendur hafi opinn aðgang að öllum upplýsingum varðandi flutningsfyrirtækið sjálft og starfsemi þess.
3. Til þess að stuðla að sátt um bæði flutningsjöfnunina og rekstraröryggi flutningskerfisins föllumst við á tillögur um að flutningskerfið nái til 66 kV. Með þessu er jöfnun á flutningskostnaði sem best tryggð.
4. Jöfnun á dreifingarkostnaði raforku til heimilanna verði fjármögnuð með jöfnunargjaldi innan raforkukerfisins.
5. Í lögunum er gert ráð fyrir samstarfsnefnd um framkvæmd laganna. Í nefndinni á sæti m.a. fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, en ekki er gert ráð fyrir fulltrúum stærstu samtaka launafólks, hvorki BSRB né

ASÍ. Undirrituð telja að fulltrúar launafólks eigi fullt erindi í umrædda nefnd og óska því eftir fá sæti í henni.

6. Samráðsnefndin hafi það verkefni að fylgjast með verðmyndun og verðþróun á raforku á næstu misserum og komi með tillögur að úrbótum reynist forsendur þessa frumvarps rangar með þeim afleiðingum að verð hækki óeðlilega frá því sem nú er.
7. Áhersla er lögð á að þess verði gætt að niðurgreiðslur vegna húshitunar á köldum svæðum landsins verði auknar í samræmis við hækkun á raforkuverði til húshitunar ef t.d. Landsvirkjun, RARIK og Orkubú Vestfjarða ákveða að fella niður afslætti til húshitunar.

_____ Ingunn S. Þorsteinsdóttir fulltrúi ASÍ	_____ Jens Andrússon fulltrúi BSRB
--	--